



GARÐABÆR

GARÐYRKJUDEILD, VINNUSKÓLI, ÁHALDAHÚS OG UMHVERFISHÓPAR



**VINNULEIÐBEININGAR OG
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR FYRIR
SUMARSTARFSFÓLK GARÐABÆJAR**



Vinnuleiðbeiningar og hagnýtar upplýsingar fyrir sumarstarfsfólk Garðabæjar

Gefið út af EFLU HF. fyrir Garðabæ.
Höfundur efnis: Magnús Bjarklind.
Hönnun: Björgvin Ólafsson.

© 2015 EFLA HF. Allur réttur áskilinn.

Efnið er höfundarréttarvarið og má ekki nota
nema með sérstöku leyfi höfunda.



Efnisyfirlit

Inngangur	4	Áburðargjöf	26
Vinnuskóli Garðabæjar	5	Gerð kurlstíga	27
Vinnutilhögun	6	Viðhald göngustíga	28
Helstu starfsreglur	7	Kantskurður	29
Markmið og sérstaða	8	Hellulagnir	30
Garðyrkjudeild Garðabæjar	9	Gróðursetning runna- og trjágróðurs	31
Vinnutilhögun	10	Gróðursetning skógarplantna	32
Helstu starfsreglur	11	Uppbinding trjágróðurs	33
Áhaldahús Garðabæjar	12	Klipping lauftrjáa	34
Sumarstörf umhverfishópa	13	Limgerðisklippingar	35
Vinnutilhögun	14	Flutningur trjágróðurs	36
Starfsreglur	15	Trjáfellingar	37
Búnaður starfsmanna og verkfæri	16	Illgresishreinsun	38
Bifreiðar – vélknúin tæki	17	Uppræting ágengra illgresisplantna	39
Gróðursetning sumarblóma	18	Ruslahreinsun	40
Grassláttur	19	Málun járnfirborðs	41
Rakstur og hirðing	20	Málun á stein	42
Öryggi við grasslátt	21	Málun timburs	43
Grassáning	22	Sementskústun	44
Pökulagning	23	Götumálning	45
Úthagagrass og lyngþökur	24	Hreinsun leiksvæða	46
Landgræðsla	25		



Vinnuleiðbeiningar Garðabæjar - inngangur

Vinnuleiðbeiningar þessar eru ætlaðar starfsmönnum Garðabæjar sem sinna garðyrkju- og umhverfistengdum verkefnum. Í leiðbeiningunum er farið yfir framkvæmdina, tilgang og verklag. Einnig er framkvæmdinni lýst í þeirri vinnuröð sem ætlast er til að verkið sé unnið. Verkfæri, tæki og efni sem nota skal við vinnuna eru listuð upp á skýran hátt. Einnig fylgja hverri leiðbeiningu lýsandi myndir vegna verkefnis.

Leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi heldur er um að ræða stuttar lýsingar þar sem aðalatriði eru dregin saman. Komi upp vafaatriði eða ef hlutir koma ekki nægilega skýrt fram í leiðbeiningunum skal ávallt leita til verkstjóra.

Framkvæmd og verklag

- Í leiðbeiningunum er farið yfir framkvæmdina, tilgang og verklag.
- Einnig er framkvæmdinni lýst í þeirri vinnuröð sem ætlast er til að verkið sé unnið.



VERKFÆRI

Verkfæri, tæki og efni sem nota skal við vinnuna eru listuð upp á skýran hátt. Einnig fylgja hverri leiðbeiningu lýsandi myndir vegna verkefnis.



Vinnuskóli Garðabæjar

Innritun nemenda

Nemendur geta innritað sig á heimasíðu Garðabæjar og hefst skráning 1. maí. Upplýsingar eru sendar í tölvupósti til forráðamanna nemenda í skólum bæjarins þegar skráningin byrjar. Einnig er hægt að fá aðstoð í þjónustuveri Garðabæjar varðandi skráningu á ráðningarvef.

Laun

Ákvarðanir um laun nemenda fyrir hvert starfstímabil eru teknar í bæjarráði Garðabæjar og birtar um leið og niðurstaða liggur fyrir á vef Garðabæjar.

Athugið! Ungmenni sem eru orðin 16 ára þurfa að staðfesta nýtingu á rafrænu skattkorti.

Starfsstöðvar

Starfsstöðvar Vinnuskóla Garðabæjar eru tvær. Í austurbænum í norðurbyggingu Garðaskóla við Vífilsstaðaveg og í vesturbænum í félagsmiðstöðinni Elítunni í Álftanesskóla á Álftanesi. Einnig eru u.þ.b. 60-70 unglingar við ýmis

aðstoðarstörf í stofnunum bæjarins og á leikjánaðmskeiðum félagasamtaka.

Dagleg stjórnun

Forstöðumaður og yfirflokksstjórar annast daglegan rekstur Vinnuskólans.

Aðalskrifstofa Vinnuskólans opnar 1. júní. Sími 590 2575.

Opnunartími er frá kl. 8:00 til 12:00 og frá kl. 13:15 til 16:00. Ekki er svarað í hádegi. Netfang: vinnuskoli@gardabaer.is.

Flokkstjórar

Flokksstjórar Vinnuskólans eru á bilinu 28 til 30 og annast allt að 400 til 450 nemendur yfir sumarið. Miðað er við u.þ.b. 12 í hóp og eru að jafnaði 8 til 10 nemendur við störf í hverjum hópi. Flestir nemendur taka eitthvað sumarleyfi og jafnast það út. Ábyrgð flokkstjóra er að leiðbeina, skipta verkum og kenna rétt handtök. Þeir vinna einnig við hlið nemenda til að vera þeim góðar fyrirmyndir.

Æskilegur aldur flokksstjóra er 20 ára og eldri.



Vinnuskóli Garðabæjar:

Vinnutilhögun

Starfstími

- Almennt starfstímabil 14, 15 og 16 ára unglinga er í júní og júlí og telur u.þ.b 7 vikur.
- Byrjun vinnu ræðst af grunnskólalokum og er auglýst nánar á hverju ári. Nemendur sem aðstoða á t.d. leikjanámskeiðum, fylgja í sumum tilvikum annarri starfstilhögun.
- Nemendur geta tekið leyfi á starfstímabilinu.
- Ekki er unnið 17. júní.

Vinnutími

- Unglingar 14 ára úr 8. bekk vinna þrjá daga vikunnar frá kl. 8:30 til 12:00.
- Einn dag bætist við hópefli og forvarnadagskrá í 2 tíma. Ekki er unnið á föstudögum. Samtals 12.5 klst. á viku.
- Unglingar 15 og 16 ára úr 9. og 10. bekk vinna frá kl. 8:30 til 12:30 og frá kl.13:00 til 15:30 frá mánudegi til og með fimmtudags.

- Á föstudögum er unnið frá kl. 8:30 til 12:00
- Samtals 27.5 tímar á viku.
- Vinnutími flokkstjóra er frá kl. 8:00 til 12:00 og frá kl.13:00 til 16:30.

Kaffitími

- Kaffitími er 15 mínútur fyrir hádegi frá kl. 9:45 til 10:00 og 10 mínútur eftir hádegi frá kl. 14:00 til 14:10.

Forföll

- Forráðamenn tilkynna forföll og leyfi til flokkstjóra Vinnuskólans.
- Hægt er að tilgreina sumarleyfi í skráningarforminu.



Vinnuskóli Garðabæjar:

Helstu starfsreglur

- Tilkynna skal forföll beint til flokksstjóra eða í síma Vinnuskólans 590 2575.
- Flokksstjórar afgreiða óskir um leyfi sem ekki eru tilgreind við skráningu.
- Nemendur leggja sér til sjálfir allan hlífðarfatnað á eigin ábyrgð. Ágætt er að nýta fót sem mega slitna og óhreinkast.
- Nemendur eiga að vera í öryggisvestum við vinnu og vera með hlífðarhanska í gróðurhreinsun. Vinnuskólinn leggur til öryggisvesti. Hægt er að kaupa hlífðarhanska hjá flokksstjórum í skiptum fyrir 2 vinnutíma.
- Ætlast er til að nemendur komi með nesti í vinnuna og þarf leyfi flokksstjóra til að yfirgefa vinnustað í kaffitímum.
- Ekki er tekin ábyrgð á farsímum, reiðhjólum og öðrum persónulegum eignum. Síma og hljómtæki skal hafa til hliðar meðan á vinnu stendur og haga notkun eftir samkomulagi og fyrirmælum flokksstjóra.
- Greidd eru laun fyrir fræðslu- og tómstundadaga ef viðkomandi tekur þátt í dagskrá.
- Flokksstjórar áskilja sér rétt að undangenginni viðvörun til að draga tíma af nemendum sem eru óvirkir í starfi.
- Nemendur bera ábyrgð á að færa sjálfir tíma sína á vinnulista sem viðkomandi flokksstjóri samþykkir í lok dags. Þeir fá vinnulistann afhentan hjá flokksstjóra.
- Seinkomur eru dregnar frá launum.
- Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður.
- Lögð er rík áhersla á góða umhirðu verkfæra sem nemendur hafa til umráða.



Vinnuskóli Garðabæjar: **Markmið og sérstaða**

Helstu áherslur og markmið

- Gefa nemendum kost á uppbyggilegri sumarvinnu.
- Bæta þekkingu, reynslu og verklag.
- Efla ábyrgð, stundvísi og aga.
- Auka skilning nemenda á mikilvægi vinnu og vinnusemi.
- Auka samkennd, samvinnu og liðsheild í öllu starfi Vinnuskólans.
- Fegra og snyrta umhverfi Garðabæjar og efla umhverfisvitund.
- Styrkja leiðtogahæfni þeirra sem starfa á námskeiðum barna.
- Veita fræðslu á ýmsum sviðum og að Vinnuskólinn sé hluti af forvarnastarfi bæjarins.
- Áhersla sé lögð á jafnrétti og lýðræði í öllu starfi Vinnuskólans.
- Að öllum nemendum líði vel í starfi og leik.

Sérstaða Vinnuskólans

- Það er ekki skólaskylda í Vinnuskólanum og starfar hann samkvæmt samþykktum Garðabæjar en ekki lögskipaðri námskrá. Vinnuskólinn er því valkostur.
- Vinnuskólinn tekur við öllum nemendum sem skrá sig í sumarvinnu á aldrinum 14-16 ára og eiga lögheimili í Garðabæ eða eru nemendur í grunnskólum bæjarins. Einnig er komið er til móts við þá sem eru nýlega brottfluttir eða aðfluttir í bæinn.
- Markmið Uppbyggingarstefnu er haft að leiðarljósi í Vinnuskólanum og að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin hegðun í starfi og leik.
- Áhersla er á að hægt sé að leiðrétta hegðun og mistök með réttu hugarfari allra sem koma að málum.
- Vinnuskólinn er víðsýnn og þolinmóður vinnustaður og er leitast við að mæta þroska hvers og eins.



Garðyrkjudeild Garðabæjar

Garðyrkjustjóri

Garðyrkjustjóri sér um daglegan rekstur deildarinnar.

Yfirverkstjóri

Yfirverkstjóri deildarinnar stjórnar verkefnum og heldur utan um skráningar á vinnutíma flokkstjóra og almennra starfsmanna.

Flokkstjórar

Flokkstjórar garðyrkjudeildar vinna með hópum og halda utan um skráningar á vinnutíma hvers hóps, og afhenda yfirverkstjóra vikulega.

Vélamenn

Starfsmenn á vinnuvélum halda vinnuvélum hreinum, smyrja í smurkoppa, fylgjast með smurolíu og vatni á vél.

Allar bilanir á vélum skal tilkynna strax til verkstæðisformanns.

Trésmiðir

Trésmiðaverkstjóri hefur umsjón með búnaði á opnum völlum, stofnanalóðum og sparkvöllum. Hefur eftirlit og sér um viðgerðir, viðhald og gerir lögboðnar ástandsskoðanir.

Starfsstöðvar

Starfsstöðvar garðyrkjudeildar eru tvær og eru staðsettar að Lyngási 18 og í áhaldahúsinu við Jörfaveg á Álftanesi. Dagleg vinna fer fram á opnum svæðum, opnum völlum, sparkvöllum og stofnanalóðum. Garðyrkjudeild rekur einnig skólagarða og er með nýframkvæmdir.



Garðyrkjudeild Garðabæjar:

Vinnutilhögun

Sumarvinnan

- Almennur vinnutími er frá kl. 8:00 - 16:45 mánudaga – fimmtudaga og til 15:30 á föstudögum.
- Allir eiga að gera ráðningarsamning, skila inn skattkorti og reikningsnúmeri. Starfsmenn fá svo úthlutað númeri sem þeir nota til þess að stimpla sig inn og úr vinnu.
- Starfsmenn verða sjálfir að tilkynna veikindi til verkstjóra í síma 820 8574 eða skrifstofu í síma 525 8580 á milli 7:30 – 8:00 á morgnana.
- Flokkstjórar skulu skila vinnuskýrslum í lok hverrar vinnuviku og skulu þær vera rétt útfylltar.
- Flokkstjórar og aðrir eiga að hugsa vel um þá bíla sem þeir hafa til umráða og halda þeim hreinum.
- Sumarstarfsmenn eiga ekki að vera á einkabílum sínum á verksvæðum. Starfsfólki er ekið á verkstað sem ekki er í göngufæri frá bækistöð.
- Sumarstarfsmenn eru beðnir um að nota bílastæðin á malarplaninu austan megin við Lyngás 18 en ekki fyrir framan Áhaldahúsið eða neðan við á malbikaða planið.

- Þeir sem koma á reiðhjólum skulu nota hjólreiðagrindur við inngang í garðyrkjudeild.
- Ganga skal vel um Áhaldahúsið, fara úr skítugum skóm þegar farið er inn í matsal eða á salerni.
- Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu, á lóð og á verkstað.
- Símanotkun starfsmanna má ekki trufla störf og skal höfð í lágmarki á vinnutíma.

Matar- og kaffitímar

- Kaffitímar sumarstarfsmanna hjá garðyrkjudeild eru 15 mínútur fyrir hádegi, kl. 09:30-9:45 og 20 mínútur eftir hádegi, kl. 15:10-15:30, og skulu teknir á verkstað eða í samráði við flokkstjóra.
- Matarhlé er kl. 12:00-12:30 og er ekki hluti vinnutíma.

Sérstakir frídagar

- Sérstakir frídagar í sumar eru 17. júní og frídagur verslunarmanna sem eru greiddir með mánaðarlaunum.



Garðyrkjudeild Garðabæjar:

Helstu starfsreglur

- Ekki er leyfilegt að yfirgefa vinnusvæði á kaffitíma nema í samráði við flokkstjóra.
- Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
- Beiðni um leyfi eða frívikur afgreiðir yfirverkstjóri eða garðyrkjustjóri. Óski sumarstarfsmenn eftir launalaus leyfi ber að taka mið af reglum um launalaus leyfi hjá Garðabæ.
- Fara skal vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega, fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum yfirverkstjóra og flokkstjóra og ganga frá verkfærum og hengja upp í rekka.
- Sláttuorf eru númeruð og einnig meðfylgjandi búnaður. Hver starfsmaður í sláttuhóp fær úthlutað setti sem hann notar.

Öryggisreglur

- Allir starfsmenn eiga að vera í öryggisvestum eða í sýnileikafatnaði við alla vinnu.
- Starfsmenn skulu fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum verkstjóra og flokkstjóra um rétta beitingu og meðferð véla og verkfæra.
- Starfsmenn eiga að fara eftir settum umferðarreglum.
- Hafa þarf hæfilegt bil á milli starfsmanna við vinnu svo ekki skapist slyshætta við notkun verkfæra.

Ofangreind öryggisatriði eru á ábyrgð verkstjóra og flokkstjóra.



Öryggisreglur þeirra sem vinna með sláttuorf

- Allir eiga að vera í öryggisskóm.
- Allir eiga að nota heyrnarhlífar eða eyrnatappa.
- Allir eiga að nota öryggisgleraugu.
- Öryggishlífar skulu ávallt vera á vélum.
- Aldrei má festa inni haldrofa á vélum.
- Aldrei má hreinsa undan sláttuvél sem er í gangi.
- Aldrei má hella eldsneyti á vél sem er í gangi.
- Allar bilanir skal tilkynna til verkstjóra eða flokkstjóra sem skilar biluðu tæki til verkstæðisformanns með útskýringu á hvað sé bilað.

Það er á ábyrgð vinnustaðar að öllum öryggisreglum sé framfylgt án undantekninga.



Áhaldahús Garðabæjar

Forstöðumaður

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur áhaldahúss.

Yfirverkstjóri

Yfirverkstjóri sér um daglegan rekstur áhaldahúss á vettvangi.

Vélamenn

Starfsmenn á vinnuvélum halda vinnuvélum hreinum, smyrja í smurkoppa og fylgjast með smurolíu, vatni og tilkynna bilanir til verkstæðisformanns.

Starfsreglur

- Almennur vinnutími er frá kl. 7:20 - 17:00 mánudaga – fimmtudaga.
- Allir eiga að gera ráðningarsamning, skila inn skattkorti og reikningsnúmeri. Starfsmenn fá svo úthlutað númeri sem þeir nota til þess að stimpla sig inn og úr vinnu.
- Starfsmenn verða sjálfir að tilkynna veikindi til skrifstofu í síma 820 8587 eða 820 8583, annars verða laun í veikindum ekki greidd.
- Sumarstarfsmenn eru beðnir um að nota bílastæðin á malarplaninu austan megin við Lyngás 18 en ekki fyrir framan Áhaldahúsið eða neðan við á malbikaða planinu.
- Ganga skal vel um Áhaldahúsið, fara úr skítugum skóm þegar farið er inn í matsal eða á salerni.
- Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu og við aðalinngang.
- Þeir sem borða hádegismat í Áhaldahúsi þurfa að panta mat fyrir kl. 9:15.

Matar- og kaffitímar

Matartími er kl. 12:00-12:30 og er hann greiddur.



Öryggisreglur

- Allir starfsmenn eiga að vera í öryggisvestum eða sýnileikaklæðnaði við alla vinnu.
- Starfsmenn eiga að fara eftir settum umferðarreglum.

Ofangreind öryggisatriði eru á ábyrgð yfirverkstjóra og forstöðumanns

Öryggisreglur þeirra sem vinna með vélar

- Allir eiga að vera í öryggisskóm.
- Allir eiga að nota heyrnarhlífar eða eyrnatappa.
- Allir eiga að nota öryggisgleraugu.
- Öryggishlífar skulu ávallt vera á vélum.

Það er á ábyrgð vinnustaðar að öllum öryggisreglum sé framfylgt án undantekninga.



Sumarstörf umhverfishópa

Sumarverkefni umhverfismála eru fjölbreytt störf á útvistarsvæðum utan byggðar, t.d. friðlýstum svæðum, skógræktarsvæðum og meðfram strandlengju. Verkefnin felast, m.a. í hreinsun, heyrakstri, slætti á lúpínu, snyrtingu gróðurbeða og ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum.

Forstöðumaður

Umhverfisstjóri hefur yfirumsjón með daglegum rekstri verkefnis sumarvinnu fyrir 17 ára og eldri.

Yfirflokkstjóri/verkefnisstjóri

Yfirflokkstjóri sumarstarfa er verkefnisstjóri umhverfismála fyrir 17 ára og eldri. Auk þess er einn fagmenntaður verkefnisstjóri sumarstarfa með stuðningi og frístund.

Flokkstjórar

Flokkstjórar sumarverkefna við umhverfismál eru 10-15. Flestir flokkstjórar vinna með ungt fólk á aldrinum 17 ára og eldri og ungmennum með stuðningi ásamt með liðveislu.

Starfsstöðvar

Starfsstöðvar eru tvær og geta verið breytilegar milli ára. Einnig vinna ungmenni hjá stofnunum og félögum bæjarins. Fólki með gróðurofnæmi eða félagsleg vandamál er í mörgum tilfellum boðið upp á að vinna á leikskólum bæjarins eða önnur úrræði fundin.



Sumarstörf umhverfishópa:

Vinnutilhögun

Starfstímabil

- Starfstímabil 17 ára hefst 1. júní og er í sjö vikur.
- Starfstímabil 18 ára og eldri hefst 1. júní og er í átta vikur.

Vinnutími

- Vinnutími er frá kl. 9:00 – 16:00 hjá 18 ára og eldri mánudaga til föstudaga.
- Vinnutími er frá kl. 9:00 – 15:00 hjá 17 ára mánudaga til föstudaga.
- Flokkstjórar eru frá 8:00 – 16:00 mán til föstudaga.

Frídagur

- Sérstakur frídagur í sumar er 17. júní og er hann greiddur með mánaðarlaunum.

Matar- og kaffitímar

- Kaffitímar sumarstarfsmanna eru 20 mínútur fyrir hádegi, kl. 09:50-10:10 og 15 mínútur eftir

hádegi, kl. 14:45 -15:00, og skulu þeir teknir á starfstöðvum.

- Matarhlé er kl. 12:00-12:30 og er ekki hluti vinnutíma.

Forföll

- Starfsmenn verða sjálfir að tilkynna veikindi til flokkstjóra síns, annars verða þau ekki greidd.
- Allir starfsmenn eiga að gera ráðningarsamning, skila inn upplýsingum um reikningsnúmer og skattkort.
- Flokkstjórar skulu skila vinnuskýrslum í lok hverrar vinnuviku og skulu þær vera rétt útfylltar.
- Flokkstjórar og aðrir eiga að hugsa vel um þá bíla og tæki sem þeir hafa til umráða og fara eftir og virða þær reglur sem settar eru notkun þeirra.
- Sumarstarfsmenn eiga ekki að vera á einkabílum sínum á verksvæðum. Starfsfólki er ekið á verkstað sem ekki er í göngufæri frá bækestöð.

Sumarstörf umhverfishópa:

Starfsreglur

- Reykingar/tóbaksnotkun eru ekki leyfðar á vinnutíma. Það á við um öll vinnusvæði og í matar- og kaffitímum.
- Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
- Ekki er leyfilegt að yfirgefa vinnusvæði á kaffitíma, ætlast er til að starfsmenn mæti með nesti í vinnuna.
- Beiðni um leyfi eða frívikur afgreiðir flokkstjóri.
- Fara skal vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum flokkstjóra.
- Starfsfólk fær afhenta vinnuvettlinga og öryggisvesti en leggja sér sjálfir til annan hlífðarfatnað og skal hann vera hlýr og skjólgóður til útistarfa eða samkvæmt aðstæðum og verkefnum.
- Notkun farsíma við vinnu er ekki heimil.
- Engin ábyrgð er tekin á fötum starfsfólks, reiðhjólum eða öðrum hlutum sem þeir hugsanlega taka með sér á vinnustað.
- Ef veikindi eiga sér stað, þá verður starfsmaður sjálfur að hringja og tilkynna veikindi til flokkstjóra.

Öryggisreglur

- Allir starfsmenn eiga að vera í öryggisvestum við alla vinnu.
- Flokkstjórar leiðbeina starfsmönnum rétta beitingu og meðferð verkfæra.
- Starfsmenn eiga að fara eftir settum umferðarreglum.
- Hafa þarf hæfilegt bil á milli starfsmanna við vinnu svo ekki skapist slysaætta við notkun verkfæra.

Ofangreind öryggisatriði eru á ábyrgð flokkstjóra.



Öryggisreglur þeirra sem vinna með handsláttuvélar eða sláttuorf

- Allir eiga að vera í öryggisskóm.
- Allir eiga að nota heyrnarhlífar eða eyrnatappa.
- Allir eiga að nota öryggisgleraugu.
- Öryggishlífar skulu ávallt vera á vélum.
- Aldrei má festa inni haldrofa á vélum.
- Aldrei má hreinsa undan sláttuvél sem er í gangi.
- Aldrei má hella eldsneyti á vél sem er í gangi.
- Allar bilanir skal tilkynna til verkstjóra/flokkstjóra.

Það er á ábyrgð vinnustaðar að öllum öryggisreglum sé framfylgt án undantekninga.



Búnaður starfsmanna og verkfæri

- Val á fatnaði og búnaði, m.a. öryggisbúnaði skal ávallt vera í samræmi við fyrirbyggjandi verkefni.
- Starfsmenn skulu í upphafi dags huga að veðri og veðurspá og velja sér klæðnað í samræmi við það. (Það er ekki gott að vinna blautur og kaldur).
- Gott er að hafa meðferðis aukafatnað vegna mögulegra veðurbreytinga sem algengar eru hér á landi. Einnig geta fyrirhuguð verkefni breyst.
- Starfsmenn í slætti skulu nota skó með stáltá og annan nauðsynlegan hlífðarbúnað sem fram kemur í öryggisleiðbeiningum vegna grassláttar.
- Við alla vinnu, undantekningarlaust, skal nota sýnileikafatnað, t.d. gult vesti.
- Ganga skal vel frá fatnaði og búnaði í lok dags, t.d. hengja upp fatnað og ganga frá búnaði á sinn stað.

Reglur um notkun á tækjum og vélum

- Fara skal vel með öll tæki og verkfæri sem eru í eigu Garðabæjar.
- Nota skal verkfærin í samræmi við það sem þau eru gerð fyrir.
- Við flutning á verkfærum og tækjum skal tryggja að búnaður sé vel festur og kastist ekki til við akstur.
- Forðast skal allan glannaskap, munið að verkfæri geta verið hættuleg og valdið slysum á fólki.
- Í kaffi- og matarhléum skal ganga frá verkfærum, en ekki skilja eftir á opnum svæðum.
- Í lok dags skal ganga frá verkfærum á sinn stað og tilkynna verkstjóra um allar bilanir eða skemmdir.



Bifreiðar – vélknúin tæki

Ábendingar til stjórnanda bifreiða, véla og annara tækja í umsjá Garðabæjar

- Notkun öryggisbelta er skylda í öllum bifreiðum.
- Reykingar í bílum og tækjum eru alfarið bannaðar.
- Aldrei má nota tæki í umsjá Garðabæjar nema að starfsmaður hafi fengið tilsögn um notkun þess.
- Fylgja skal öllum leiðbeiningum viðkomandi vélar eða vélaflokks.
- Starfsmaður skal skilyrðislaust hafa tilskilin réttindi til notkunar á viðkomandi vél.
- Tæki sem smyrja þarf daglega skal smyrja í lok hvers vinnudags.
- Ef vart verður um bilun tækis, t.d. aðvörunarljós vegna olíu, hita eða annara bilana kviknar skal stöðva vél tækis/bifreiðar strax og hafa samband við vélaverkstæði.
- Allt það sem stjórnanda finnst athugasvert við tækið skal hann ráðfæra sig um við verkstjóra eða eftirlitsmann tækja.
- Fylgja skal öllum lögum og reglum er varða viðkomandi tæki, m.a. umferðarlögum. Fylgi notandi ekki þessum reglum getur það kostað áminningu eða brottrekstur úr starfi.
- Notkun tækja og bíla utan vinnutíma er stranglega bönnuð.
- Þrifa skal tækið reglulega eða eftir þörfum, minnst einu sinni í viku.
- Lendi stjórnandi í umferðaróhappi skal hann fylla út tilkynningu um umferðaróhapp og kalla til lögreglu ef þörf er á. Skrifstofu skal tilkynnt um öll óhöpp.
- Við notkun á kerru (eftirvagni) skal alltaf tengja ljósatengi og öryggiskeðju.
- Þeir sem eru á ökutækjum sem eru með þungaskattsmæli eru ábyrgir fyrir að lesið sé af mælunum á réttum tíma og færslur í akstursbók séu færðar daglega.



Gróðursetning sumarblóma

Sumarblóm þrífast best í birtu og skjóli. Fyrir útplöntun skal undirbúa beð/ker, m.a. losa um jarðveg og blanda með áburði, í samráði við verkstjóra. Sé notaður lífrænn áburður, t.d. molta er hæfilegt magn 5 kg pr. 100 m².

Gott er að byggja beðið upp þannig að það standi upp fyrir aðliggjandi yfirborð. Útbúa skal beðið þannig að yfirborð þess sé jafnt og kantar beinir (sjá bls 29 í kafla um kantskurð).

Stinga skal upp jarðveg með gaffli eða stunguskóflu og slá stærstu moldarköggla í sundur. Einnig má nota jarðvegstætara á stærri svæði. Allt grjót, gras, illgresi og gamlar rætur skal fjarlægja.

Öllum undirbúningi skal vera lokið þegar plönturnar koma á staðinn.


Fyrir útplöntun skal vökva plönturnar vel. Einnig skal vökva yfir beðið fyrir útplöntun. Gæta skal þess að vökva ekki beint á blóm eða blöð plöntunnar.

Holur skulu grafnar með plöntuskóflu. Setja skal vatnskristalla með hverri plöntu, magn skv. upplýsingum frá framleiðanda (ca 1 tsk.), plantan tekin upp úr bakka eða potti og komið fyrir í holunni. Hæfileg fjarlægð á milli plantna er 10-15 cm (frá stilk í stilk). Taka skal sumarblómin varlega úr pottum og bökkum og gæta þess að þau brotni ekki við rótarhálsinn. Fjarlægja skal rætur sem vaxa niður úr pottunum áður en plantan er dregin upp. Fylla á að rótum og þrýsta vel að plöntunni þannig að hún sitji rétt. Moldin á að ná örlítið ofar á stöngulinn en hún gerði í ílátinu.

Mikilvægt er að plönturnar komist fljótt í beðið og án þess að sól skíni á rætur.

Pottum og bökkum skal safnað saman og haldið til haga en ekki hent.

Vökva skal sumarblómin vel allt sumarið og gæta sérstaklega að sumarblómum í kerjum.



Framkvæmd og verklag

- Undirbúa jarðveg.
- Losa um jarðveg og mylja stærstu moldarköggla.
- Fjarlægja grjót, gras, illgresi og gamlar rætur.
- Blanda áburði saman við mold.
- Jafna svæði.
- Gróðursetja
- Fínjafna svæði.
- Vökva



VERKFERI

Jarðvegstætari, skófla, handskófla, jarðvegsskafa, hrífa, gaffall, kantskeri, hjólbörur, lífrænn áburður, dúkahnífur, pokar, vatn.



Grassláttur

Sé um fyrsta slátt sumars að ræða skal svæðið yfirfarið, hreinsa skal upp laufhrúgur, steina og rusl áður en slegið er.

Best er að grasið sé slegið þegar það hefur náð u.þ.b. 6-8 cm hæð og stilla skal sláttuvél í 4 cm sláttuhæð. Það á einnig við um gras í kringum tré og aðra fylgihluti. Mjög mikilvægt er að sýna aðgát við trjástofna. Gras næst trjástofnum skal ekki slá með sláttuorfi til að tryggja að börkur eða trjástofn skaðist ekki.

Fara skal gætilega við áfyllingu á vélar. Aldrei skal fylla á vél sem er í gangi og ávallt gæta þess að ekki hellist niður eldsneyti. Bensín og olíur drepa grasið og menga jarðveginn.

Nota skal þann hlífðarbúnað sem kveðið er á um í öryggisreglum.



Framkvæmd og verklag

- Gangsetja sláttuvél og tryggja að allt sé í lagi áður en lagt er af stað til sláttar.
- Komi í ljós bilun á tæki skal verkstjóri látinn vita.
- Yfirfara skal svæðið áður en sláttur hefst.
- Hreinsa skal grjót og annað lauslegt sem valdið gæti skemmdum á sláttutæki.
- Tæma safnkassa í þar til gerð ílát eða gáma.
- Gæta þess að gras dreifist ekki upp á stéttar og/eða kanta.
- Í lok dags skal hreinsa og yfirfara sláttutæki og safnkassa og gera tilbúin til notkunar næsta dag.



VERKFÆRI

Sláttuvél, orf, bensínbrúsi, trekt, pokar, eyrnahlífar, andlitshlífar, heyrnarhlífar.



Rakstur og hirðing

Hirða skal upp hey að loknum grasslætti. Slegið gras má aldrei liggja í haugum svo lengi að undirliggjandi gras gulni eða kafni. Sama á við um poka og önnur ílát sem grasi er safnað í.

Ekki skal hefja rakstur og hirðingu fyrr en slætti er að fullu lokið.

Þegar hafist er handa við rakstur er gott að byrja á því að ákveða í hvaða átt skal raka grasið og raka ávallt undan vindi. Gott er að vera nokkur saman við rakstur á stærri svæðum þá getur verið hentugt að skipta upp í nokkra ferninga og raka heyinu saman (þannig að hrúgan endar í miðju ferningsins). Ef verið er að raka í halla t.d. manir þá skal ávallt raka undan hallanum. Sópa skal hey af stéttum og gangstígum og hreinsa hey úr beðum og lóðarköntum. Einnig klippa grastoppa meðfram stakstæðum trjám. Heyið er sett í sekki sem staðsettir eru þar sem traktor kemst til að hirða þá upp.

Framkvæmd og verklag

- Raka saman heyi í hrúgur á svæði sem eru aðgengileg.
- Sópa gras af stéttum, gangstígum, ef þarf.
- Klippa gras umhverfis stakstæð tré og aðrar hindranir.
- Safna heyi í sekki og koma fyrir á svæði þar sem traktor kemst að.
- Gæta þess að hrúgur eða sekki liggi aldrei lengi á grassvæðum.



VERKFÆRI

Grashrífur, handklippur, kústur, sekki undir hey.



Öryggi við grasslátt

Röng meðferð sláttutækja getur valdið alvarlegum slysum. Mikilvægt er að nota allan hlífðarbúnað sem öryggisreglur kveða á um, m.a. heyrnarhlíf, andlitshlíf, öryggisgleraugu, öryggisskó og öryggisvesti.

! Fylgdu alltaf leiðbeiningum viðkomandi vélar við gangsetningu og notkun. Mundu að sláttuvélar eru hættuleg tæki og geta auðveldlega valdið slysum séu þær notaðar á rangan hátt.

- Öryggishlífar skulu ávallt vera á vélum.
- Aldrei má festa inni haldrofa.
- Aldrei má hreinsa undan vél sem er í gangi.
- Aldrei má hella eldsneyti á vél sem er í gangi.

Pegar slegið er með orfi:

Fylgstu með þeim sem eru í kringum þig, hafðu hæfilegt bil í næsta mann og vertu ávallt meðvitaður um umhverfi þitt, m.a. samstarfsmenn, gróður og búnað.

- Þegar vél er gangsett þarf að setja innsogið á þar til vélin hefur hitnað.
- Á sumum vélum þarf að pumpa bensíni inn á blöndung fyrir gangsetningu.

Ef sláttuvélin eða orfið fer ekki í gang:

- Er bensín á vélinni?
- Er skrúfað frá bensíninu?
- Er innsogið á?
- Varstu búinn að pumpa bensíni inn á vélina?
- Ef allt ofangreint er í lagi, reyndu þá aftur nokkrum sinnum.

Ef sláttuvélin fer í gang en gengur illa og drepur á sér:

- Er innsogið á?
- Er skrúfað frá bensíninu?



! Allar bilanir þarf að tilkynna til verkstjóra svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.



Grassáning


Sé jarðvegur á sáningarsvæðinu þjappaður, loftlaus eða blautur skal hann losaður t.d. með jarðvegstætara eða gaffli. Ef jarðvegurinn er mjög næringarsnauður, t.d. sendinn, getur þurft að bæta moldarblöndu, t.d. 5-10 cm, yfir jarðveginn og jafna úr moldinni með hrífu og jarðvegssköfu.

Til að misvöxtur verði ekki í grasinu er æskilegt að jafna yfirborð áður en mold er bætt við svo að lagskipting sé sem jöfnust. Strengja skal snúrur til að tryggja jafna hæðasetningu og beinar línur. Fjarlægja skal alla steina yfir 10 mm að stærð. Fjarlægja skal rótarrillgresi og mylja rôtarköggla. Fyrir sáningu skal gefa áburð t.d. fiskimjöl/garðamjöl 5 kg pr.100 m².

Áburðinum skal dreift vel yfir moldina og hann unninn niður í jarðveginn með hrífu eða tætara. Áður en sáð er skal valta létt yfir svæðið. Nota skal tilbúna grasfræblöndu. Mikilvægt er að hræra vel í pokanum fyrir notkun því stærðarmunur fræsins veldur ójafni dreifingu í pokanum.

Dreifa skal grasfræinu með sáningartæki (ef mögulegt er) svo jöfn dreifing fáiast. Nota skal 3 kg af fræi á hverja 100 m² en sáð er í tvígang, þ.e.a.s fyrst 1,5 kg eftir endilöngu svæðinu og svo aftur 1,5 kg þvert á svæðið. Þetta er gert svo að dreifing verði sem jöfnust. Valta skal yfir svæðið með handvaltara. Að lokum skal allt svæðið vökvað með úðara en gæta skal þess að hafa ekki of kröftuga bunu sem getur skolað fræi burt.

Ganga skal vel frá pokum með grasfræi eftir notkun og gæta þess að innihald poka blotni ekki þar sem fræið skemmist.



Framkvæmd og verklag

- Losa þjappaðan jarðveg, t.d. með jarðvegstætara eða gaffli.
- Fjarlægja rótarrillgresi og steina yfir 10 mm að stærð.
- Mylja moldarköggla.
- Grófjafna svæði.
- Bæta við mold ef þörf er á.
- Dreifa áburði yfir svæðið og vinna saman við moldina.
- Fínjafna svæði.
- Valta yfir svæðið.
- Sá fræi og valta aftur yfir svæðið.
- Vökva svæðið vel með úðara.



VERKFÆRI

Hrífa, jarðvegsskafa, skófla, hjólbörur, sáningarvél, handvaltari, gaffall, jarðvegstætari, mold, molta, sandur, grasfræ, áburður, vatn + úðari, dúkahnífur, hælur og snúrur.



Pökulagning

Áður en þökur eru pantaðar skal undirbúningsvinnu helst vera að fullu lokið. Grasþökur og -rúllur þola illa geymslu sérstaklega þegar heitt er í veðri. Jarðvegur skal undirbúinn á sama hátt og við grassáningu. Sé nýtt moldarlag sett á svæðið þarf að þjappa moldina mátulega t.d. með því að ganga hana niður með fótunum eða valta létt yfir svæðið. Blanda skal kjötmjöli í jarðveg undir grasþökur, magn kjötmjöls í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Strengja skal snúrur til að tryggja jafna hæðasetningu og beinar línur. Þökurnar skulu vera rakar þegar þær eru lagðar og einnig skal undirlag vera rakt. Þökurnar skulu lagðar með helmings skörun (hálf í hálf) og þannig að sem minnst sé um bil á milli samskeyta. Sé lagt í halla skal leggja þökurnar með hallanum. Í miklum halla getur þurft að hæla niður þökurnar með timburhælum. Ef plastnet er undir rúllum skal það ávallt fjarlægt samtímis útlögn. Nota skal beittan kantskera eða hníf þar sem þarf að skera þökur til. Eftir að þökur hafa verið lagðar er mikilvægt að vökva vel. Mikilvægt er að hlífa grasinu fyrir átroðningi fyrstu 2-3 vikurnar og tryggja að vökvun sé nægileg. Grasið skal fyrst slegið þegar það hefur náð 6-8 cm hæð og þá niður í 4 cm.



Framkvæmd og verklag

- Undirbúa jarðveg á sama hátt og við grassáningu.
- Losa þjappaðan jarðveg, t.d. með jarðvegstætara eða gaffli.
- Fjarlægja rótarillgresi og steina yfir 10 mm að stærð.
- Mylja moldarköggla.
- Bæta við mold eða sandi (eftir þörfum).
- Dreifa áburði yfir svæðið og vinna saman við moldarlag.
- Slétta og tryggja að hæðir séu nokkuð jafnar.
- Leggja þökur þétt og með helmings skörun.
- Fjarlægja plastnet undan rúllum.
- Frágangur
- Vökvun og áburðargjöf.



VERKFÆRI

Jarðvegstætari, gaffall, hrífa, skófla, jarðvegsskafa, kantskeri, hælur og snúra, áburður, vatn, (slanga eða kanna), dúkahnífur, þökur.



Úthagagras og lyngþökur

Úthagagras inniheldur villtar íslenskar blómplöntur og grastegundir. Slíkar þökur eru yfirleitt skornar af sjálfrónum grassvæðum (valllendi). Sem dæmi um gróðurtegundir má nefna: língresi, túnvingul, ilmreyr, hvítsmára, blóðberg, ljónslappa, murur, möðrur og annar villtur blómgróður. Lyngþökur einkennast af íslenskum lyngmóategundum s.s. mosategundum, smávöxnum grastegundum, kræki- og bláberjalyngi, blóðbergi, ljónslappa, möðrum o.fl. íslenskum villtum tegundum. Slíkar þökur eru yfirleitt skornar af lyngmóum og eru yfirleitt þykkari en hefðbundnar túnþökur, þar sem rótarlagið er illa samhangandi.

Áður en þökur eru pantaðar skal undirbúningsvinnu helst vera að fullu lokið. Lyng- og úthagapökur eru skornar þykkari en hefðbundnar túnþökur og þola illa geymslu sérstaklega þegar heitt er í veðri. Jarðvegur undir þökurnar skal ekki vera frjór og áburðarrikur. Ekki skal blanda áburði í jarðveginn, nema það sé sérstaklega tekið fram af verkstjóra. Ef um nýtt undirlag er að ræða skal það helst vera sendinn og næringarsnaudur jarðvegur. Yfirleitt eru gerðar minni kröfur um jöfnun undirlags þegar um lyng- og úthagagras er að ræða. Fylgja skal leiðbeiningum verkstjóra varðandi jöfnun og formun undirlags. Þökurnar skulu lagðar með helmings skörun (hálf í hálf) og þannig að sem minnst sé um bil á milli samskeyta. Ef plastnet er undir rúllum skal það ávallt fjarlæggt samtímis útlögn. Sé lagt í halla skal leggja þökurnar með hallanum. Í miklum halla getur þurft að hæla niður þökurnar með timburhælum.

Nota skal beittan kantskera eða hnif þar sem þarf að skera þökur til. Eftir að þökur hafa verið lagðar er mikilvægt að vökva vel en ekki gefa áburð, nema að annað sé tekið fram. Mikilvægt er að hlífa grasinu fyrir átroðningi fyrstu 3-4 vikurnar. Ekki er gert ráð fyrir slætti á lyngþökum. Úthagagras er yfirleitt ekki slegið, þó getur verið um einn slátt að ræða og er hann þá oftast framkvæmdur í lok vaxtartímabils, t.d. í september.



Framkvæmd og verklag

- Undirbúa jarðveg áður en þökur eru pantaðar.
- Losa þjappaðan jarðveg, t.d. með jarðvegstætara eða gaffli.
- Fjarlægja rótarillgresi og steina.
- Mylja moldarköggla.
- Bæta við jarðvegi, t.d. sandi (eftir þörfum).
- Tryggja að hæðir séu í samræmi við leiðbeiningar.
- Leggja þökur þétt og með helmings skörun.
- Fjarlægja plastnet undan rúllum.
- Frágangur
- Vökvun



VERKFÆRI

Jarðvegstætari, gaffall, hrífa, skófla, jarðvegsskafa, kantskeri, hælur og snúra, vatn, (slanga, kanna), dúkahnífur, þökur.



Landgræðsla

Ógróin svæði, sem ætlunin er að rækta upp, þarf fyrst að losa upp með hrífu áður en áburður og grasfræ er dreift yfir svæðið. Rofabörð skulu stungin niður með stunguskóflu og þau jöfnuð. Áburði og grasfræi skal dreift jafnt yfir svæði. Best er að þjappa / þrýsta áburðinum og fræinu niður í jarðveg, t.d. með hrífu. Á lítið gróna mela þar sem gróðurþekja er minni en 10% er gert ráð fyrir 200 kg af áburði á hvern hektara á ári og eftirfylgni með 150 kg/ha á næsta ári. Eftir fyrstu tvö árin er staðan metin og landið hvílt, en hugsanlega borið á aftur 150 kg/ha eftir 2-3 ár. Algeng blanda af grasfræi er 75% túnvingull og 25% vallarsveifgras. Land með yfir 10% gróðri er yfirleitt grætt upp með áburði eingöngu. Ávallt skal nota hanska þegar áburður er meðhöndlaður.



Framkvæmd og verklag

- Undirbúa fyrir fyrstu áburðargjöf.
- Stinga niður rofabörð (ef einhver eru).
- Losa yfirborð upp með hrífu.
- Dreifa áburði / grasfræi á svæðið.
- Þjappa fræ niður í jarðveg.



VERKFÆRI

Stunguskófla, áburðardreifari, hjólbörur, fötur, dúkahnífur, malarhrífa, áburður (lífrænn) t.d. húsdýraáburður, tilbúinn áburður, pokar, grasfræ.

Gróðurþekja	Fjöldmóði 1	Grasfræ, blanda	Lífrænn áburður
Flög og rofabörð með litlum gróðri.	200 kg/ha	50 kg/ha	Leiðbeining verkstjóra
Flög og rofabörð. eftirfylgni	150 kg/ha		



Áburðargjöf

Áburðargjöf getur gert gæfumuninn í allri ræktun. Þó er mikilvægt að muna að hægt er að gera mikinn skaða ef ógætlega er farið með áburðinn. Æskilegt er að nota áburðardreifara, til að tryggja rétt magn, þar sem hægt er að koma honum við. Stilla þarf skammtara samkvæmt uppgefnu áburðarmagni.

Passa þarf að hraukar myndist ekki og að dreifingin nái ekki út fyrir svæðin sem um ræðir. Áburður sem lendir utan svæðis skal sópaður upp og fjarlægður. Við dreifingu lífræns áburðar, t.d. fiskimjols og kjötmjols skal gæta þess að ganga vel frá pokum og fötum með áburði í lok dags en ekki skilja eftir óvarið.

Nota skal hanska við meðhöndlun áburðar þar sem áburður getur ert húðina. Ýmist er notaður svokallaður tilbúinn eða lífrænn áburður. Dæmi um lífrænan áburð er þörungamjöl, sveppamassi, molta, húsdýraáburður og kjötmjöl.



Framkvæmd og verklag

- Mæla út svæði og reikna áburðarmagn.
- Stilla dreifingu á áburðardreifara.
- Dreifa skipulega um svæðið í samræmi við dreifibreidd.
- Handdreifa þar sem áburðardreifari kemst ekki að.
- Hreinsa áburð af t.d. gangstéttum, malarsvæðum og götum.
- Hreinsa áburð sem farið hefur á sígrænan gróður eða blöð plantna.
- Vökva svæðið ef ekki er von á rigningu til að losa áburð og hindra sviða.



VERKFÆRI

Áburðardreifari, hjólbörur, fötur, dúkahnífur, áburður (tilbúinn), áburður (lífrænn), kústur.

Tilbúinn áburður

	Fyrri áburðargjöf (um miðjan maí)	Seinni áburðargjöf (í lok júní)	Áburðartegund (dæmi)
Grassvæði	3 kg á 100 m ²	2 kg á 100 m ²	Blákorn / graskorn
Sumarblóm	3 - 5 kg á 100 m ²		Blákorn
Tré og runnar	100 gr á plöntu		Blákorn / trjákorn Ca. kúfuð matskeið

Lífrænn áburður

	Fyrri áburðargjöf (um miðjan maí)	Seinni áburðargjöf (í lok júní)	Áburðartegund (dæmi)
Grassvæði	5 kg á 100 m ²	2 kg á 100 m ²	Garðamjöl
Sumarblóm	7 kg á 100 m ²		Garðamjöl Blandað í beðið
Tré og runnar	20 gr á plöntu		Garðamjöl



Gerð kurlstíga

Undirbúningur og undirvinna skipta miklu máli við gerð göngustíga. Skoða þarf vel leiðarval og staðsetningu m.t.t. landslags- og öryggissjónarmiða. Sé göngustígur lagður í óbrotið land þarf að gæta sérstaklega að legu og takmarka allt rask utan stígsins. Ef göngustígur liggur í miklum halla þarf að koma fyrir þrepum. Við gerð þrepa skal miða við að uppstig þreps sé u.þ.b. 12-16 cm.

Setja skal upp hæla og snúror m.t.t. staðsetningar og breiddar fyrirhugaðs stígs. Kantskera skal meðfram snúru þar sem þörf er á (nota má torf og afskurð til fyllingar í holur og lautir). Undirlag skal jafnað með malarhrífu og skóflu og jarðvegsdúkur lagður yfir. Yfirborðsefni (grús eða trjáskurl) skal lagt yfir í u.þ.b. 10-15 cm þykkt og þess gætt að kantar séu vel þaktir, u.þ.b. 10-20 cm út fyrir brún. Allt umframefni, t.d. afskurður, torf og annað tilfallandi skal fjarlæggt eins fljótt og mögulegt er.



Framkvæmd og verklag

- Ákveða staðsetningu og útlínur stígs.
- Setja út hæla og snúra legu göngustígs.
- Kantskera meðfram snúrum (ef þörf er á).
- Jafna undirlag.
- Setja jarðvegsdúk.
- Fylla í með mól eða trjáskurli.
- Fjarlægja allt umframefni.
- Frágangur



VERKFÆRI

Malarhrífa, kantskeri, torfskeri, skófla, hjólbörur, snúra og hælur.



Viðhald göngustíga

Yfirborð malarstíga skal raka með malarhrífu eða nota herfi til að halda illgresi í skefjum en einnig til að jafna stígana. Sviða skal illgresi með gasbrennara þar sem þess er kostur. Athugið að illgresið skal sviðið en ekki brennt. Mikilvægt er að gæta þess að kveikja ekki í illgresi, rusli eða öðrum hlutum. Best er að framkvæma hreinsunina í þurru veðri, til þess að minnka líkur á að einært illgresi nái að festast aftur.

Rusl og stærri steinar skulu fjarlægðir. Allar holur og mislægjur skulu fylltar með mól og þjappaðar. Skera skal alla kanta með kantskera. Skera skal eftir línu, þar sem um beinar línur er að ræða, og taka eins lítið af kantinum og mögulegt er. Fjarlægja skal afskurð og annað efni eins fljótt og kostur er. Af kurlstígum skal fjarlægja illgresi, stærri greinar og rusl. Bæta skal við kurli þar sem þörf er á. Hreinsa skal upp smærra og stærra rusl af malbiksstígum. Handtína skal ruslið eða nota ruslatínu en einnig sópa þar sem þarf.



VERKFÆRI

Hrífa, herfi, gasbrennari, kantskeri, ruslatína, skófla, hjólbörur, pokar, snúra og hælur.



Framkvæmd og verklag

- Rakstur / herfing malarstíga.
- Gasbrennari notaður á malarstíga.
- Hreinsun
- Áfylling efnis.
- Kantskurður
- Frágangur



Kantskurður

Gras sem liggur meðfram beðum, stígum o.fl. svæðum þarf að kantskera árlega. Algengt er að gras vaxi inn í beð og upp á yfirborð stíga. Gott er að nota stýrilínu þar sem það á við.

Til að fá beinan skurð eru settir hælur við hvorn enda þess svæðis sem unnið er með. Snúra er strengd á milli hælanna og þess gætt að hún sé vel strekkt. Þegar snúra er strengd þarf að gæta þess að hún sé ekki flækt eða þvinguð í trjágreinum, grasi eða öðru sem skekkt getur línuna. Línan þarf að vera á lofti frá grasinu.

Yfirleitt er notaður kantskeri með fótstigi en einnig eru til kantskerar sem ekki er ætlast til að stigið sé á. Í öllum tilfellum er mikilvægt að kantskerinn sé vel brýndur.

Við skurðinn skal fjarlægja eins lítið af kantinum og mögulegt er. Þegar afskurður er tekinn þarf að hrista mestu moldina undan grasinu. Afskurður skal fjarlægður eins fljótt og kostur er.

Kantskeri er einnig notaður við nýframkvæmd þökulagna og í viðgerðum á skemmdum grassvæðum. Afar mikilvægt er að fara varlega með öll verkfæri sem eru beitt, sbr. kantskeri, til dæmis má aldrei lyfta brýnda endanum upp í höfuðhæð eða sveifla / kasta verkfærinu frá sér.



Framkvæmd og verklag

- Festa niður hæla við hvorn enda svæðis sem kantskera á (sé um beinan skurð að ræða).
- Strengja snúru á milli hæla.
- Kantskera meðfram línu.
- Fjarlægja afskurð.



VERKFÆRI

Kantskeri, hælur og snúrir, skófla, hjólbörur, hrifa.

Hellulagnir

Framkvæma skal hellulagnir undir leiðsögn flokk- eða verkstjóra. Velja skal yfirborðshæð hellulagnar út frá föstum hæðum (þar sem þær eru til staðar), t.d. gólfkóta eða aðrar hæðir sem gefnar eru upp. Uppbygging burðarlags, m.a. efnisgerð og þykkt, skal taka mið af áætlaðri notkun og álagi svæðisins. Þykkt á hellum skal einnig valin m.t.t. álagsflokkunar. Miða skal við 0,5 m burðarlag undir hellur sem ætlaðar eru gangandi vegfarendum. Miða skal við 1,0 m burðarlag undir hellur fyrir fólksbíla, t.d. í bílastæðum. Nota skal frostþolið og þjöppunarhæft efni t.d. grús í kornastærðinni 0–32 mm. Burðarlag skal ná 20–30 cm út fyrir brúnir hellulagnar. Þjappa skal grúsina í 20-30 cm lögum með 100–200 kg jarðvegsþjöppu. Bleyta skal grúsina áður en þjappað er. Yfir grúsina er sett 50 mm sandlag (jöfnunarlag) af hellusandi (0–10 mm).

Notuð er önnur þykkt ef snjóbræðsla er undir hellum. Sandurinn skal þjappaður í tveimur umferðum með jarðvegsþjöppu. Nota skal leiðara til að jafna sandinn og fá sléttan flöt. Skafið er með réttsskeið ofan af leiðurum í þeirri hæð sem nemur neðri brún á hellum. Miða skal við 2% vatnshalla frá húsum og að niðurföllum. Við kanta, tröppur, niðurföll, brunnlök og aðra hluti sem felldir eru að hellum skal miða við 15 mm yfirhæð á hellum. Nota skal stýrilínur við lögn á hellum sé um stærri fleti að ræða.

Þegar hellulögn er lokið skal steypa meðfram helluköntum. Fylla skal vel í fúgur með finum sandi (fúgusandi). Að lokum skal þjappað yfir hellur með 100 kg jarðvegsþjöppu ef ástæða þykir til.



VERKFÆRI

Jarðvegsþjappa, flöt skófla, malarskófla, jarðvegsskafa, malbiksskafa, hælur og snúra, málband og tommustokkur, réttsskeiðar, leiðarar, hallamál, slaghamar, hjólbörur.



Framkvæmd og verklag

- Velja hæðir hellulagnar, ath. vatnshalla og staðsetningu niðurfalla.
- Jarðvegsskipta 50–100 cm undir hellulögn.
- Þjappa grús með jarðvegsþjöppu.
- Leggja 5 cm þykkt sandlag yfir grúsarfyllingu og þjappa.
- Leggja leiðara í sandlag.
- Draga sand af leiðurum með réttsskeið.
- Setja upp stýrilínur ef um stærri fleti er að ræða.
- Leggja hellur skv. teikningu eða fyrirmælum.
- Saga hellur þar sem þarf.
- Steypa meðfram köntum.
- Fylla í fúgur með finum sandi (fúgusandi).
- Þjappa yfir hellur (ef þurfa þykir).
- Frágangur



Gróðursetning runna- og trjágróðurs

Við gróðursetningu runna- og trjágróðurs er mikilvægt að undirbúa vel jarðveginn sem planta á í. Stinga skal upp jarðveg með gaffli eða stunguskóflu og slá stærstu moldarköggla í sundur. Einnig má nota jarðvegstætara á stærri svæði. Allt grjót, gras, illgresi og gamlar rætur skal fjarlægja. Gott er að blanda moldina með lífrænum áburði, t.d. moltu 5 kg pr. 100 m². Þessum undirbúningi skal helst vera lokið áður en plönturnar koma á staðinn.

Grafa skal hola sem er tvisvar sinnum stærri að þvermáli en rótarhnausinn á plöntunni. Tryggja skal að jarðvegur, bæði undir og til hliðar við rótarhnaus, sé óþjappaður svo að rætur eigi auðvelt með að vaxa óhindrað. Skoða skal rótarhnausinn fyrir útplöntun, séu rætur flæktar eða vaxa í hring þarf að losa um þær og greiða úr flækjunni. Í vissum tilfellum getur þurft að stytta rætur með klippum. Umbúðir, potta eða striga skal alltaf fjarlægja fyrir útplöntun.

Mikilvægt er að plöntunni sé plantað í sama dýpi og hún hefur áður staðið í. Jarðvegi skal þjappað vel að rótarhnaus og mikilvægt er að hvergi sé loftrými við hnausinn. Eftir útplöntun skal svæðið jafnað með hrífu og vökvað vel.

Stærri plöntur sem eru einstofna þarf að binda upp (sjá leiðbeiningar um uppbindingar á bls 33).

Hreinsa skal vel alla mold úr pottum og bökkum í beðin. Pottum og bökkum skal safnað saman og haldið til haga en ekki hent.



Framkvæmd og verklag

- Losa um jarðveg og mylja stærstu moldarköggla.
- Fjarlægja grjót, gras, illgresi og gamlar rætur.
- Blanda áburði saman við mold.
- Grófjafna svæði.
- Gróðursetja
- Fínjafna svæði.
- Vökva



VERKFÆRI

Jarðvegstætari, skófla, jarðvegsskafa, hrífa, gaffall, hjólbörur, lífrænn áburður (skítur), dúkahnífur, pokar, vatn.



Gróðursetning skógarplantna

Skógar- og landgræðsluplöntur eru yfirleitt afhentar í bökkum og því gjarnan talað um bakkaplöntur. Almennt eru 4 stærðir af bökkum, þ.e. 24, 35, 40 eða 60 stykkja bakkar. Við útplöntun er yfirleitt notaður plöntustafur eða svokölluð geispa. Mikilvægt er að stærð hólks á plöntustaf eða geispu sé í samræmi við bakkastærð. Þegar plöntum er valinn staður er mikilvægt að velja lífvænlega staði, t.d. í skjóli þúfna og í gróðurtorfum. Melar, þúfnakollar, moldarflog og lautir henta almennt ekki vel fyrir plöntur. Ekki skal planta í skipulegar raðir nema það sé fyrirfram tiltekið af verkstjóra. Almennt skal miða við u.þ.b. 2 m bil á milli plantna.

Flestar plöntur þola illa samkeppni við gras og annan gróður. Því er mikilvægt að rjúfa yfirborð áður en holan er gerð. Nota skal fótstigið á plöntustafnum og skafa (höggva) burt gróður á litlum flekk, u.þ.b. 25 x 25 cm. Gróðursetja skal í miðjan flekkinn. Þrýsta þarf plöntu vel niður í holu svo að ekki sé holrúm undir rótarhnaus.

Einnig skal þrýsta vel að hliðum og gæta þess að plantan standi lóðrétt. Áburði skal dreift á yfirborð í kringum stofn plöntu. Nota skal 10 g af tilbúnum áburði (hálfur lófi) eða u.þ.b. hálfu skóflu af lífrænum áburði. Mikilvægt er að gæta þess að áburður fari ekki í beina snertingu við rætur eða stofn á plöntu.



Framkvæmd og verklag

- Staðsetning valin.
- Gróðurþekja rofin (handflekking).
- Holan gerð með plöntustaf (ath. að stærð hólks passi bakkaplöntu).
- Planta sett í holu, þrýst vel niður og að plöntu.
- Áburður settur í kringum plöntu.



VERKFÆRI

Plöntustafur eða geispa, bakkaplöntur, áburður.



Uppbinding trjágróðurs

Stakstæð einstofna tré sem eru yfir 1,5 m á hæð er í flestum tilfellum nauðsynlegt að binda upp. Það er gert til að rætur nái fljótt góðri festu.

Til uppbindinga eru yfirleitt notaðir tveir girðingarstaurar. Staurarnir eru í flestum tilfellum 7-10 cm í þvermál og 140 cm háir. Þegar stærri hnausplöntum er plantað er best að koma staurunum fyrir í plöntuholunni áður en mokað er að rótarhnausnum. Stoðirnar skulu ekki þrengja að rótarhnausnum á nokkurn hátt. Almennt er miðað við að staur nái 50 cm niður fyrir yfirborð. Staurum skal komið fyrir þannig að trjágreinar geti ekki nuddast eða slegist utan í þá.

Til uppbindingar er algengt að notaðir séu gúmmíborðar, um 5 cm breiðir. Mikilvægt er að borðarnir séu vafðir þétt að stofni trésins til að hindra að núningur valdi skemmdum á berki. Algengt er að saga þurfi ofan af staur þann hluta sem stendur upp fyrir gúmmíborða og er þá sagað u.þ.b. 2 cm ofan við gúmmíborðann. Staurarnir skulu fjarlægðir eftir 2-3 ár, eða þegar þeir hafa þjónað tilgangi sínum.



Framkvæmd og verklag

- Ákveða staðsetningu staura með tilliti til veðurálags og greinabyggingar.
- Reka staura niður með sleggju ca. 50 cm niður fyrir yfirborð.
- Vefja gúmmíborða þétt um stofn trés og festa vel við staur.
- Saga ofan af staur.
- Frágangur á svæði.



VERKFÆRI

Girðingarstaurar, gúmmíborðar, naglar, sleggja, járnkarl, hamar, sög, dúkahnífur.



Klipping lauftrjáa

Um er að ræða klippingar sem stuðla að heilbrigði trésins, s.s. að fjarlægja greinar sem eru dauðar, sjúkar eða skemmdar. Einnig getur verið um „lagfæringu“ á vaxtargöllum að ræða, t.d. tilkomnir vegna ytri aðstæðna s.s. vaxtarrýmis, skugga eða samkeppni við annan gróður. Klipping lauftrjáa skal framkvæmd í samvinnu við verkstjóra. Forðast skal að klippa lauftré á haustin þar sem hættu á sveppasýkingum er mest á þeim árstíma. Einnig ber að forðast stórtækar klippingar á trjátegundum sem „blæðir“ t.d. birki og hlyn á tímabilinu apríl-júní.

Allar klippingar valda sárum á trénu en rétt klipping dregur úr skaða af völdum sársins. Nota skal beittar klippur og bitgóðar sagir við verkið sem tryggir að skurðurinn sé hreinn og jafn sem minnkar líkur á sýkingu og flýtir fyrir því að sárið grói saman.

Fjarlægja skal dauðar, skemmdar og sjúkar greinar. Einnig skal fjarlægja greinar með óeðlilegan vöxt, t.d. kross-, stofn- og aðlægjur. Hliðargreinar skal klippa eða saga við greinakraga þannig að kraginn særast ekki. Ekki skal skilja eftir stubba.

Stærri hliðargreinar eru fjarlægðar í áföngum. Fyrst er sagaður undirskurður undir greinina í nokkurra cm fjarlægð frá stofni u.þ.b. 1/3 í gegnum greinina. Næst er sagað ofan í greinina nokkrum cm utar en undirskurðinn og er sagað í gegn. Undirskurðurinn kemur í veg fyrir að börkur rifni og valdi skemmdum á berki þegar greinin fellur. Að lokum er stubburinn fjarlægður við greinakragann.

Lítill grein myndar lítinn sáraflöt. Því skal fjarlægja strax greinar sem fyrirséð er að muni valda vandræðum í framtíðinni svo að sáraflötur sé lítill.

Öryggisleiðbeiningar:

- Allar klippur og sagir eru hættulegar og ber að meðhöndla með varúð.
- Mikilvægt er að enginn sé undir eða nálægt trénu við verkið.
- Mikilvægt er að geyma allar klippur og sagir þar sem börn ná ekki til.



Framkvæmd og verklag

- Fjarlægja fyrst allar dauðar, sjúkar og skemmdar greinar.
- Fjarlægja óeðlilegan greinavöxt, s.s. stofn- og krosslægjur og rötarskot.
- Fjarlægja greinar sem fyrirséð er að muni síðar valda vandræðum.
- Meta jafnvægi krónunar og þörf á lagfæringu.



VERKFÆRI

Greinasög, bogasög, greina-klippur, handklippur, stigi, hanskar, öryggisgleraugu.



Limgerðisklippingar

Yfirleitt eru limgerði klippt í svo kölluð A-form, þar sem limgerðið er breiðast neðst við jörðu en mjókkar inn að ofan. Limgerði með þessu formi hrinda betur frá sér snjó og þola meira vindálag. Yfirleitt eru limgerði klippt árlega eða oftar, háð tegund. Limgerðisklippingar skulu framkvæmdar í samráði við verkstjóra.

Yfirfara skal limgerðið og meta greinavöxt frá liðnu ári. Limgerði sem er í formun þarf að klippa jafnvel þótt endanlegri hæð og breidd sé ekki náð. Það er gert til að þétta greinabyggingu og tryggja að limgerðið verði ekki gisið að neðanverðu.

Hliðargreinar hraðvaxta víðitegunda í formun skal stytta þannig að u.þ.b. 10-15 cm af vexti fyrra árs verði eftir. Ekki er nauðsynlegt að stytta toppinn eins mikið og aðrar greinar, frekar að halda honum jöfnum.

Trjátegundir með svo kölluðum leiðandi stofni, s.s. birki, lerki og greni eru ekki klipptar á hæðina fyrr en óskaðri hæð er náð.

Limgerði sem náð hefur óskaðri hæð og breidd skal klippa eins nærri síðustu klippingu og mögulegt er. Gæta skal þess að klippa ekki innar en gert var árið áður, nema að um endurnýjun limgerðis sé að ræða. Gott getur verið að nota stýrilínu við formklippingu á hliðum limgerða. Yfirleitt eru hliðar klipptar fyrst, hæð jöfnuð og að lokum eru hliðarhallar jafnaðir. Eftir klippingu skal hreinsa burt allar klipptar greinar sem fallið hafa inn í limgerðið eða liggja ofan á greinum.

Öryggisleiðbeiningar:

- Allar klippur eru hættulegar og ber að meðhöndla með varúð.
- Við notkun á vélklippum skal nota öryggisgleraugu og heyrnarhlífar.
- Fara skal gætilega með bensín við áfyllingu.
- Gott er að nota sterka vinnuhanska við klippingar.
- Geyma skal allar gerðir limgerðisklippna þar sem börn ná ekki til.



Framkvæmd og verklag

- Meta þörf á klippingu limgerðis.
- Klippa hliðargreinar í beinni línu.
- Klippa toppa limgerðis, jafnt og beint.
- Jafna hliðarhalla til að ná fram réttu formi.
- Klippa greinaenda ef þurfa þykir og fjarlægja afklippur.



VERKFÆRI

Vélklippur (bensín), vélklippur (rafmagns), handklippur, greinaklippur, heyrnarhlífar, öryggisgleraugu, sterkir vinnuhanskar.



Aldrei má skilja vélklippur eftir án eftirlits, t.d. á bílpalli eða öðrum ólæstum stað þegar farið er í kaffi/mat.



Flutningur trjágróðurs

Yfirleitt er auðvelt að flytja allar venjulegar trjátegundir sem eru undir 1 m á hæð. Flutningur trjágróðurs skal framkvæmdur í samráði við verkstjóra. Stærri tré geta þurft nokkurn undirbúning, t.d. að rótarskera með árs fyrirvara. Gott er að undirbúa gróðursetningarstaðinn með góðum fyrirvara og að hann sé tilbúinn þegar flutta tréd kemur á staðinn.

Yfirleitt er best að flytja tré snemma vors eða seint að hausti. Tímabilið júní-september hentar ekki vel til trjáflutninga þar sem trén eru þá í mestum vexti og vatnsupptaka er mikil.

Nota skal beitta stunguskóflu til að tryggja að skurðir og sár á rótum séu hrein og beint skorin. Stungið er meðfram stofni í u.þ.b. 0,5 m radíus (háð stærð trésins) og ekki hreyft við trénu fyrir en búið er að stinga allan hringinn og skera rætur tryggilega í sundur. Séu rötarendar marðir eða illa skornir er best að klippa þá með greinaklippum.

Best er að ná sem stærstum hnaus og passa að hann losni ekki sundur. Ekki má skola mold og jarðveg af rótum við flutning. Gott er að binda hnausinn inn í striga til að auðvelda flutninginn. Striginn er alltaf fjarlægður fyrir útplöntun. Planta skal trénu í sama dýpi og það stóð áður.

Trjám með laufi eða sígrænum trjám þarf að hlífa gegn vindi við akstur á milli staða, t.d. leggja þau á hliðina og breiða segl yfir. Sýna skal aðgát við útplöntun og gæta sérstaklega að rötaráls og berki (sjá nánar í texta um útplöntun á bls 32). Stærri tré eru bundin upp eftir útplöntun (sjá nánar í texta um uppbindingar á bls 33).



Framkvæmd og verklag

- Gæta að árstíma m.t.t. tegundar.
- Stinga á rætur meðfram stofni.
- Klippa og snyrta rætur.
- Pakka rötárhnaus í striga.
- Fara gætilega í flutningi.
- Planta trénu í sömu dýpt og áður.
- Vökva og binda upp (ef þarf).



VERKFERI

Beitt stunguskófla, greinaklippur, strigi, hjólbörur, kerra.



Trjáfellingar

Í Garðabæ er óleyfilegt að fella tré sem eru hærrí en 8 m eða eldri en 60 ára nema með leyfi umhverfisstjóra. Trjáfellingar skulu framkvæmdar í samráði við verkstjóra. Fyrir trjáfellingu skal meta aðstæður á verkstað, m.t.t. öryggis. Fjarlægja skal nærliggjandi bíla og gæta þess að engin gangi undir tréð á meðan verkið er unnið. Stærri tré skal fjarlægja í áföngum, t.d. grisja stærri greinar úr krónu og af hliðum og stytta topp. Nota skal stöðugan stiga þegar farið er upp í tré. Í vissum tilfellum er nauðsynlegt að nota körfubíl við grisjunina. Þegar búið er að minnka umfang trésins hæfilega skal festa kaðal ofarlega í stofninn. Kaðallinn er notaður til að stýra falli trésins í rétta átt. Því næst er söguð fallskora neðarlega á stofni trésins, í þá átt sem trénu er ætlað að falla í. Saga skal lárétt inn í stofninn u.þ.b. 1/4 í gegnum stofn, færa sig síðan nokkrum cm ofar og saga á ská niður í fyrri skurðinn þar til fleygur losnar úr stofninum. Þegar fallskoran er tilbúin er togað í kaðalinn á meðan sagað er rólega til móts við fallskoruna. Best er tréð falli rólega til jarðar. Við það minnka líkur á að nærliggjandi yfirborð skaðist. Stofninn er sagaður eins nálægt jörð og mögulegt er.

Öryggisleiðbeiningar:

- Keðjusagir, greinasagir og klippur eru hættuleg verkfæri sem ber að umgangast með varúð.
- Nota skal allan viðeigandi hlífðarfatnað og öryggisbúnað.
- Best er að nota vel stöðugan stiga og færa hann til eftir þörfum.
- Mikilvægt er að enginn sé nálægt trénu þegar það er fellt.
- Geyma skal allar klippur og sagir þar sem börn ná ekki til.

Aðeins þeir sem hafa fengið tilsögn og leiðbeiningar um notkun keðjusaga er heimilt að nota slíkar vélar. Ávallt skal nota hlífðarbúnað.



Framkvæmd og verklag

- Meta hvort sækja þurfi um leyfi fyrir fellingunni trésins.
- Meta aðstæður á verkstað, m.t.t. öryggissjónarmiða.
- Tryggja að engin standi eða gangi undir tréð við framkvæmd.
- Færa bíla eða annað sem getur orðið fyrir tjóni.
- Stærri tré þarf að fella í áföngum, fyrst greinar.
- Festa kaðal ofarlega í stofn til að stýra falli.
- Saga fallskoru / fleyg til að stýra fallinu.
- Láta einhvern toga í kaðal á meðan annar sagar tréð rólega niður.
- Að lokum skal fjarlægja stubb og jafnvel rótarhnaus.



VERKFÆRI

Keðjusög, heyrnarhlífar, hjálmur, öryggisglæraugu, keðjusagarbuxur, hanskar, bogasög, greinasög, greinaklippur, stigi, kaðall, kústur, flöt skófla.



Illgresishreinsun

Um er að ræða illgresi í gróðurbeðum og á öðrum svæðum sem verkstjóri tilgreinir. Fjarlægja skal allt illgresi með handverkfærum. Tvíært- eða fjölært illgresi, t.d. njóla, fífla o.fl. tegundir sem mynda djúpar rætur, skal stinga upp, t.d. með skóflu eða rótarsting, þannig að rót fylgi með. Hrista skal moldina af rótum og ávallt fjarlægja eins lítið af mold og mögulegt er. Arfi, t.d. haugarfi og hjartarfi, og annað einært illgresi er best að fjarlægja með arfaklóru og / eða hrífu. Illgresi sem vex í hellulögðu yfirborði, t.d. í fúgum á milli steina er best að fjarlægja með fíflajárni.

Samtímis illgresishreinsun skal hreinsa allt rusl af svæðinu, sjá einnig í leiðbeiningu um ruslahreinsun. Aðskilja skal lífrænt efni (illgresi, gras og álíka) og ólífrænt (plast, járn, gler o.fl.). Ekki skal blanda lífrænum og ólífrænum efnum í safnpoka. Gæta skal þess að setja ekki of mikið í hvern poka. Stærri hlutir, s.s. timbur, járn o.fl. sem ekki kemst vel fyrir í pokum skal safnað á einn stað, þar sem traktor eða vörubíll á auðvelt með að komast að því.

Mikilvægt er að nota góða hanska þegar rusl er handtínt. Einnig er mikilvægt að nota ruslatínu á

Framkvæmd og verklag

- Fjarlægja illgresi með handverkfærum.
- Hreinsa skal allt rusl úr beðum.
- Losa yfirborð jarðvegs með arfaklóru eða hrífu.
- Frágangur og hreinsun nærliggjandi svæðis.



VERKFÆRI

Fötur, hjólbörur, arfaklóra, rótarstinga, kústur, flöt skófla, pokar, ruslatína.

svæðum þar sem þyrnar, glerbrot eða aðrir beittir hlutir geta leynst.

Við flutning á pokum skal aldrei bera þá á baki þar sem beittir hlutir geta stungist í gegnum plastið. Betra er að nota hjólbörur, kerrur eða pall á bílum undir pokana.

Illgresi er rétt planta á röngum stað!



Finnist sprautunálar skal strax láta verkstjóra vita og gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hreinsun og förgun.



Uppræting ágengra illgresistegunda

Um er að ræða harðgerðar og ágengar illgresistegundir svo sem njóla, lúpínu, skógarkerfil og bjarnarkló (eða aðrar óæskilegar tegundir). Beita má ýmsum aðferðum við upprætingu illgresistegunda, háð umfangi, árstíma, fjölda starfsmanna og búnaði.

Illgresi er rétt planta á röngum stað!

Uppgröftur/rótastunga

Fyrri hluta sumars þegar plönturnar hafa ekki náð fullri stærð getur verið heppilegt að stinga upp plönturnar með rót. Einnig kemur til greina að rötarskera, en þá er rötin skorin í sundur í u.þ.b. 5 cm dýpi undir yfirborði (þar sem vaxtarpunktur plöntunnar liggur).

Sláttur

Best er að slá plönturnar þegar þær hafa náð 30-50 cm hæð. Eftirfylgni er nauðsynleg sama ár þar sem plönturnar framleiða strax nýja sprota. Endurtekin sláttur veldur því að rötin fær ekki nauðsynlega næringu og deyr með tímanum.

Sláttur á risahvönn getur verið hættulegur þar sem safi plöntunnar hefur sterk brunaáhrif.

Illgresiseitur

Nota má illgresiseitur, s.s. Roundup eða sambærilegt. Illgresiseitur skal aðeins notað í samráði við verkstjóra. Fara skal gætilega í nágrenni við vatnsból og viðkvæm vistkerfi. Hefja skal eitrun snemma að sumri t.d. þegar plöntur hafa náð um 10-20 cm hæð (undir hnéhæð). Yfirleitt þarf að fylgja eitruninni eftir síðar um sumarið, eitra aftur t.d. í lok júní. Eitrun skal framkvæmd í logni þegar þurrt er og ekki er von á rigningu sama dag. Blanda skal eitrið í þeim hlutföllum sem upp eru gefin á umbúðum framleiðanda (ekki of sterkt). Gott er að nota úðadælu með skerm sem auðveldar að stýra því hvert úðinn berst. Nota skal allan þann hlífðarbúnað sem kveðið er á um í öryggisleiðbeiningum framleiðanda.



Framkvæmd og verklag

- Meta umfang/magn illgresis og hvaða aðgerðir henta.
- Stinga upp plöntur með rót, þar sem það hentar.
- Rötarskera í um 10 cm dýpi undir yfirborði, þar sem það hentar.
- Slá plöntur með sláttuorfi eða öðrum sláttubúnaði, þar sem það hentar.
- Eitra plöntur með Roundup eða sambærilegu eitri, þar sem það hentar.
- Eftirfylgni í samræmi við ofangreint.



VERKFÆRI

Háð aðferð: Stunguskófla, hjólbörur, sláttuorf, úðadæla, hlífðarbúnaður.



Sláttur á bjarnarkló og risahvönn getur verið hættulegur því hann hefur sterk brunaáhrif og ef vafi leikur á illgresistegundinni skal hafa samband við verkstjóra.



Ruslahreinsun

Hreinsa skal allt rusl af þeim svæðum sem unnið er á eða verkstjóri tilgreinir. Nota skal kústa, hrifur og ruslatínur þar sem það hentar. Í gróðurbeðum getur þurft að handtína ruslið eða nota ruslatínur. Þar sem rusl safnast í beð getur verið gott að nota hrifur til að draga mesta ruslið fram og safna því saman. Einnig er gott að sópa rusli, sem liggur á yfirborði, saman á einn stað og nota síðan skóflu til að moka því í poka (frekar en að handtína).

Mikilvægt er að nota góða hanska þegar rusl er handtínt. Einnig er mikilvægt að nota ruslatínu á svæðum þar sem glerbrot eða aðrir beittir hlutir geta leynst.

! Finnist sprautunálar skal strax láta verkstjóra vita og gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hreinsun og förgun.

Aðskilja skal lífrænt efni (illgresi, gras og álíka) og ólífrænt (plast, járn, gler o.fl.). Ekki skal blanda lífrænum og ólífrænum efnum í safnpoka. Gæta skal þess að setja ekki of mikið í hvern poka. Stærri hlutir, s.s. timbur, járn o.fl. sem ekki kemst vel fyrir í pokum skal safnað á einn stað, þar sem traktor eða vörubíll á auðvelt með að komast að því.

Við flutning á pokum skal aldrei bera þá á baki þar sem beittir hlutir geta stungist í gegnum plastið. Betra er að nota hjólbörur, kerrur eða pall á bílum undir pokana.



Framkvæmd og verklag

- Hreinsa skal allt rusl af vinnusvæðum, beðum, grasi o.fl.
- Nota skal viðeigandi verkfæri á hverju svæði.
- Nota skal góða hanska við handtíslu.
- Aðskilja lífrænt og ólífrænt efni.
- Aldrei flytja ruslapoka á bakinu.
- Fara skal gætilega þar sem glerbrot eða aðrir beittir hlutir geta leynst.
- Finnist sprautunálar skal strax láta verkstjóra vita og hann sér um að fjarlægja þær og farga.



VERKFÆRI

Fötur, hjólbörur, arfaklóra, hrífa, kústur, flöt skófla, pokar, ruslatína, hanskar.



Málun járnyfirborðs

Mikilvægt er að hreinsa vel allt ryð eða önnur óhreinindi af yfirborði málsins. Sandblása skal yfirborð þar sem mögulegt er. Annars skal skrapa og banka lausar rústflögur og bursta síðan með vírbursta. Þegar búið er að hreinsa flöt vel skal bera ryðvarnargrunn á. Gæta skal þess að grunnurinn sé ekki of þykkur. Mála skal yfir þegar grunnurinn er þurr. Mála skal 2 umferðir yfir grunn. Gæta ber þess að málning sé hæfilega þunn. Best er að draga pensilinn með löngum strokum fram og til baka. Ávallt skal loka málningarfötu þegar hlé er gert á málun. Stundum er best að geyma pensla í málningarfötunni eða láta þá standa í vatni þar til áframhald verður á vinnu. Olíugrunn og málningu getur þurft að þynna vegna uppgufunar. Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda um hvaða grunnur á við málningu og hvaða þynningar- og hreinsiefni eiga við hverju sinni.

Í lok hvers vinnudags skal ganga vandlega frá málningarfötum og hreinsa pensla. Annars eyðileggst málning og pensill.

Nota skal viðeigandi hlífðarbúnað, s.s. vinnugalla, hanska sem þola upplausnarefni, gleraugu og öndunargrímu.

Mikilvægt er að hafa augnskol meðferðis þegar unnið er með málningarefni.

Sé loftræsting léleg þarf að nota sérstaka öndunargrímu með viðeigandi síu í samráði við verkstjóra.

Við flutning á málningarefnum er afar mikilvægt að gengið sé vel frá efnum og lok séu tryggilega fest. Frágangur á kerru / palli skal vera þannig að ekki sé hætt á að fötur, flöskur eða önnur ílát, velti eða kastist til.

! Athugið að ungmennum yngri en 18 ára er ekki ætlað að meðhöndla efni er falla undir ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 52 frá 18. maí 1988.



Framkvæmd og verklag

- Setja upp aðvörunarskilti (þar sem þörf er á).
- Hreinsa ryð og önnur óhreinindi af fletinum sem mála á (sandblása ef mögulegt er).
- Gæta þess að flötur sé þurr.
- Bera ryðvarnargrunn á flöt.
- Gæta þess að flötur sé þurr.
- Bera málningu á í tveimur yfirferðum.



VERKFÆRI

Pensill, þynnir, olíugrunnur, málning, sýnileikavesti, málningargalli, hanskar sem þola upplausnarefni, aðvörunarskilti, öndunargríma, augnskol.



Málun á stein

Steyptur flötur skal hreinsaður vel og laus málning fjarlægð. Nota skal háprýstidælu ef mögulegt er. Málning skal borin á með pensli eða rúllu. Almennt skal fara tvær yfirferðir á flöt. Fylgja ber upplýsingum framleiðanda málningu um notkun.

Í lok hvers vinnudags skal ganga vandlega frá málningarfötum og hreinsa pensla. Annars eyðileggst málning og pensill.

Nota skal viðeigandi hlífðarbúnað, s.s. vinnugalla, hanska, gleraugu og öndunargrímu. Mikilvægt er að hafa augnskol meðferðis þegar unnið er með málningarefni.

Sé loftræsting léleg þarf að nota sérstaka öndunargrímu með viðeigandi síu í samráði við verkstjóra.

Við flutning á málningarefnum er afar mikilvægt að gengið sé vel frá efnum og lok séu tryggilega fest. Frágangur á kerru / palli skal vera þannig að ekki sé hættá á að fötur, flöskur eða önnur ílát, velti eða kastist til.

Athugið að ungmennum yngri en 18 ára er ekki ætlað að meðhöndla efni er falla undir ákvæði laga um eitufefni og hættuleg efni nr. 52 frá 18. maí 1988.



Framkvæmd og verklag

- Setja upp aðvörunarskilti (þar sem þörf er á).
- Hreinsa óhreinindi og lausa málningu af fleti (háprýstipvo þar sem hægt er).
- Skafa og/eða bursta flöt (ef þörf er á).
- Gæta þess að flötur sé þurr.
- Bera málningu á í tveimur yfirferðum.



VERKFÆRI

Pensill og rúlla, málningarfötur, sköfur – skröpur, málningargalli, sýnileikavesti, hanskar, aðvörunarskilti, öndunargríma, augnskol.



Málun timburs

Tréverk skal hreinsað og laus málning fjarlægð. Bera skal málningu / viðarvörn á tréverkið með pensli. Fylgja ber upplýsingum framleiðanda málningu / viðarvarnar um notkun. Í lok hvers vinnudags skal ganga vandlega frá málningarfötum og hreinsa pensla. Annars eyðileggst málning og pensill. Nota skal viðeigandi hlífðarbúnað, s.s. vinnugalla, hanska, gleraugu og öndunargrímu. Mikilvægt er að hafa augnskol meðferðis þegar unnið er með málningarefni.

Sé loftræsting léleg þarf að nota sérstaka öndunargrímu með viðeigandi síu í samráði við verkstjóra.

Við flutning á málningarefnum er afar mikilvægt að gengið sé vel frá efnum og lok séu tryggilega fest. Frágangur á kerru / palli skal vera þannig að ekki sé hættu á að fötur, flöskur eða önnur ílát, velti eða kastist til.

! Athugið að ungmennum yngri en 18 ára er ekki ætlað að meðhöndla efni er falla undir ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 52 frá 18. maí 1988.



Framkvæmd og verklag

- Setja upp aðvörunarskilti (þar sem þörf er á).
- Hreinsa óhreinindi og lausa málningu af fletinum.
- Skafa eða pússa timbur (ef þörf er á).
- Gæta þess að flötur sé þurr.
- Bera málningu / fúavörn á.



VERKFÆRI

Pensill, málningarfötur, sköfur – skröpur, málningargalli, sýnileikavesti, hanskar, aðvörunarskilti, öndunargríma, augnskol.



Sementskústun

Áður en flöturinn er kústaður skal hreinsa burt öll óhreinindi, málningu og lausar steypuflögur af yfirborði. Best er að sandblása eða háprýstipvo flötinn (sé það mögulegt). Einnig má skrapa og banka laust efni af fletinum og burstu síðan með vírbursta til að rífa upp yfirborðið og auka þannig bindingu efnisins. Bleyta þarf flötinn vel fyrir kústun og skal flöturinn vera jafnrakur, þó án þess að vatn sé sýnilegt á honum þegar kústun hefst.

Best er að undirbúa verkið vel með það að markmiði að hægt sé að fullvinna viðkomandi flöt, þannig að ekki myndist skil á fletinum.

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda varðandi undirvinnu, blöndun og meðhöndlun efnis.

Ávallt skal kústa sama flöt í sömu stefnu, lárétt eða lóðrétt.

Ef flöturinn fer að þorna og sementefnið byrjar að hnökra á meðan borið er á, skal úða vatni létt yfir flötinn, en gæta þess að rennbleyta hann ekki.

Framkvæma skal eftir meðhöndlun í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

! Athugið að ungmennum yngri en 18 ára er ekki ætlað að meðhöndla efni er falla undir ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 52 frá 18. maí 1988.



Framkvæmd og verklag

- Setja upp aðvörunarskilti eða keilur (þar sem þörf er á).
- Hreinsa af fletinum óhreinindi, málningu og lausar steypuflögur.
- Bleyta flötinn vel fyrir kústunina, án þess að vatn sé sýnilegt á honum þegar kústun hefst.
- Undirvinna, blanda og meðhöndla efni í samræmi við leiðbeiningar.
- Kústa alltaf í sömu stefnu, lárétt eða lóðrétt.
- Bleyta upp í efni ef efnið byrjar að hnökra.
- Eftirvinna flötinn í samræmi við leiðbeiningar.



VERKFÆRI

Múrkústur, hamar, meitill, vírbursta, múrfata, sýnileikavesti, hanskar, aðvörunarskilti, keilur, augnskol.



Götumálning

Um er að ræða ýmsar merkingar á malbikuð svæði, t.d. umferðarmerki, stöðvunarlínur, merkingar hraðahindrana, línur við bílastæði, gangbrautamynstur o.fl.

Mikilvægt er að merkja verkstaðinn vel með keilum, umferðarmerkjum og öðru því sem verkstjóri tilgreinir. Einnig er afar mikilvægt að allir starfsmenn sem að verkinu koma séu í sjálflýsandi vestum eða öðrum sýnileikafatnaði.

Við merkingar er notuð sérstök málning sem ætluð er til merkinga á vegfleti úr malbiki.

Venjulega er málningunni sprautað með vél eða handmálað á flötinn. Við merkingar skal fylgja öllum leiðbeiningum framleiðanda málningar, m.a. varðandi hitastig o.fl.

Í vissum tilfellum er glerperlum stráð í málninguna þegar hún er blaut til að auka slitstyrk.

Áður en vinna við merkingar hefst skal tryggja að yfirborð svæðis sé þurr og hreint. Gott er að formerkja áður en málningarvinna hefst og einnig nota stýrilínur, skapalón eða máta, til að tryggja að línur séu beinar og án hlykkja.

Ef málning hellist niður eða slettist til við merkingar skal hreinsa hana upp strax.

Eftir málun skal merkja svæðið á þann hátt að ekki sé ekið, hjólað eða gengið yfir blauta málningu.

Fylgja skal öllum leiðbeiningum verkstjóra varðandi framkvæmd og frágang við merkinguna.

Við flutning á málningarefnum er afar mikilvægt að gengið sé vel frá efnum og lok séu tryggilega fest.

Frágangur á kerru / palli skal vera þannig að ekki sé hætta á að fötur, flöskur eða önnur ílát, velti eða kastist til.



Framkvæmd og verklag

- Setja upp keilur og aðvörunarskilti (þar sem þörf er á).
- Gæta þess að allir starfsmenn séu búnir sýnileikafatnaði.
- Hreinsa af fletinum óhreinindi og málningu.
- Undirvinna, blanda og meðhöndla efni í samræmi við leiðbeiningar.
- Setja upp stýrilínur, skapalón eða máta.
- Framkvæma merkingar í samræmi við fyrirmæli verkstjóra.
- Gæta þess að umferð fari ekki um svæðið fyrr en málning hefur þornað nægilega.



VERKFÆRI

Keilur, aðvörunarskilti, hanskar, búnaður til merkinga, málning/massi, penslar, augnskol.



Leiksvæði og leikskólalóðir

Lóðir við leiksvæði og leikskólalóðir skal yfirfara með reglulegum hætti. Hreinsa þarf allt rusl af svæðunum með þeim hætti sem lýst er í leiðbeiningu vegna ruslahreinsunar á bls 40. Einnig skal fjarlægja laust grjót og sópa öryggismöl af stígum og stéttum til að koma í veg fyrir fallhættu. Yfirfara skal öryggismöl við leiktæki, m.a. fylla í holur sem myndast undir rólum og fleiri leiktækjum. Hreinsa skal illgresi úr gróðurbeðum og fjarlægja gras meðfram köntum. Sjá nánar í leiðbeiningum um illgresishreinsun á bls 38 og kantskurð á bls 29.

Framkvæmd og verklag

- Yfirfara leiksvæði gaumgæfilega.
- Fjarlægja allt rusl.
- Fjarlægja lausa steina.
- Sópa möl af stígum og stéttum.
- Fylla í holur á öryggismöl.
- Hreinsa illgresi úr gróðursvæðum.
- Kantskera gras.



VERKFÆRI

Skófla, malarhrífa, kústur, arfaklóra, ruslatína, kantskeri, hjólbörur, pokar undir rusl,